

Mál nr. 183/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B.

Sakarskipting. Ekið yfir miðlínu.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 8. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 5. júlí 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. júlí 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð á Siglufjarðarvegi þann 9. júní 2021 milli bifreiðarinnar A, sem M ók og bifreiðarinnar B. Lögregla var kölluð á vettvang vegna atviksins og eru skýrslur hennar og ljósmyndir meðal málgagna. Um var að ræða mjög harðan árekstur en báðir ökumenn voru fluttir með sjúkraflugi á bráðamóttöku Landsspítalans í kjölfar árekstursins. Í lögregluskýrslu er haft eftir M á vettvangi að hún hafi verið að aka norður Siglufjarðarveg á um 90 km/klst. er hún hafi talið sig sjá þabba sinn útundan sér. Kvaðst M hafa litið af veginum í smá stund og er hún leit aftur á veginn hafi hún séð hvar B stefndi beint á hana. Ekki var hægt að taka skýrslu af ökumanni B á slysstað vegna meiðsla en skýrslutaka fór fram nokkrum dögum síðar á Landsspítalanum. Kvaðst ökumaður B hafa ekið Siglufjarðarveg og mætt þar bíl sem honum fannst stefna á hann og vera á röngum vegarhelmingi. Fyrstu viðbrögð hans voru að reyna að verja sig og forða slysi og beygja undan. Man hann ekki meira eftir slysinu eða í hvora áttina hann beygði. Í viðbótarframburðarskýrslu M hjá lögreglu kveðst hún ekki muna hvort hún hafi misst bílinn eitthvað til hliðar er hún leit af veginum.

Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A (M) bæri alla sök á árekstrinum. M er ósammála þeirri niðurstöðu og telur hana í andstöðu við gögn málsins, einfalda eðlisfræði og almennar sönnunarreglur. Telur M að rannsóknargögn, sérstaklega ljósmyndir og framburðarskýrslur, sem og rannsóknarniðurstöður lögreglu staðfesti að ökumaður B eigi að bera allan eða mestan hluta sakar sökum stórkostlegs gáleysis. B hafi beygt til vinstri inn á öfugan vegarhelming og ekið á bifreiðina A sem endaði vinstra megin út af veginum. Telur M að ökumaður B sé breskur ríkisborgari og þar með vanur vinstri handar umferð og hafi þannig ekki brugðist við aðstæðum með réttum hætti þ.e. hann hafi beygt til vinstri í stað hægri eins og eðlilegt sé í hægri handar akstursumhverfi.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, kemur fram að félagið geri ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Í fyrirbyggjandi skýrslu rannsóknardeildar lögreglunnar kemur fram að bifreiðinni A hafi verið ekið norður Siglufjarðarveg og á sama tíma var bifreiðinni B ekið suður Siglufjarðarveg. Niðurstaða skýrslunnar er sú að miðað við frásögn ökumanna, ákomur á ökutækjunum og ummerki á vettvangi megi leiða að því líkum að M hafi litið út undan sér til vinstri eitt augnablik og ökutæki hennar þá stefnt í átt að ökutæki B sem ekið var á móti. Ökumaður B hafi upplifað A stefna á sig og brugðist við með því að koma sér undan og beygja snögg til vinstri, yfir á öfugan vegarhelming þar sem hann hafi upplifað það að A væri á röngum vegarhelmingi. Þannig hafi orðið árekstur með ökutækjunum, örlítið vestan við miðlínu vegarins. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laganna skal ökutækjum ekið hægra megin hvoru fram hjá öðru og þess gætt að nægilegt hliðarbil sé á milli þeirra. Með vísan til fyrirbyggjandi niðurstöðu rannsóknar lögreglu gætti M ekki að þessu í aðdraganda áreksturs. Ekkert liggur fyrir í málinu sem styður fullyrðingar M um reynsluleysi ökumanns B af akstri í hægri handar umferð eða að viðbrögð hans við akstri M hafi verið með öðrum hætti en eðlileg viðbrögð annarra ökumanna við sömu aðstæður á sama stað. Á

grundvelli 5. gr. laga um ökutækjatryggingar og með vísan til fyrirliggjandi gagna verður M sem ökumaður A því að bera alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

M, ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir